

Miðvikudaginn 9. desember 1964.

Nr. 139/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Ottó Laugdal Ólafssyni

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. B. Línadal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur látið undan falla að leita sannana um skaðabótakröfu Magnúsar Snæbjörns-sonar á hendur ákærða, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ottó Laugdal Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 9. júní 1964.

Ár 1964, þriðjudaginn 9. júní, var í sakadómi Akureyrar, sem haldinn var af Ásmundi S. Jóhannssyni fulltrúa í skrifstofu embættisins með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í mál-

inu nr. 271/1964: Ákærvaldið gegn Ottó Laugdal Ólafssyni, sem tekið var til dóms 21. apríl 1964.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 10. janúar 1964, á hendur Ottó Laugdal Ólafssyni bifreiðarstjóra, Grundarstíg 2A í Reykjavík, fyrir að aka eða reyna að aka, um kl. 0115, aðfaranótt laugardagsins 17. ágúst 1963 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 1660 nokkurn spöl á bifreiðastæði við Hótel K.E.A. á Akureyri og aka bifreiðinni þar aftur á bak eða láta hana renna án nægilegrar varkárni, en árekstur varð á bifreiðastæðinu milli bifreiðar ákærða og bifreiðarinnar A 180, sem var í kyrrstöðu.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 46. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 30. júní 1932 í Vestmannaeyjum, og hefur sætt refsingum og refsiviðurlögum sem hér segir: 1950 15/3 Í Vestmannaeyjum: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1955 6/9 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1958 17/11 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 37. og 45. gr. umferðarlaga.

1959 5/12 Reykjavík: Sátt 150 kr. sekt fyrir umferðarslys.

1960 11/11 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

Málsatvik eru sem hér segir: Aðfaranótt laugardagsins 17. ágúst 1963, kl. 0115, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um árekstur milli bifreiðanna A 1660 og A 180 á bifreiðastæði framan við Hótel K.E.A. Er lögreglumenn komu á vettvang, benti öku- maður bifreiðarinnar A 180 á mann, er tók á rás austur með hótelinu, og kvað hann hafa ekið bifreiðinni A 1660 á sína bifreið. Maður þessi var handtekinn, og reyndist hann vera Ottó Laugdal Ólafsson, ákærði í máli þessu, og var hann allmikið ölvaður. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða, og reyndist það innihalda 1,8‰ reducerandi efna (alkohol).

Vitnið Magnús Snæbjörnsson kvaðst hafa ekið bifreið sinni A 180 um kl. 0115 greinda nótt að Hótel K.E.A., og lagði það bifreiðinni skáhallt aftan við bifreiðina A 1660. Meðan vitnið beið eftir farþegum, var síðastnefndri bifreið ekið aftur á bak

eða hún rann, og lenti hún laust á vinstri framhurð bifreiðar vitnisins. Ekki gat vitnið staðhæft það, að aflvél A 1660 hafi verið í gangi, er framangreint skeði. Skemmdir hlutust litlar á bifreið vitnisins, og gerði það kröfu til kr. 600.00 bóta vegna rispu á hurðinni og atvinnutjóns.

Vitnið Friðjón Heiðar Eypórsson, eigandi bifreiðarinnar A 1660, kvaðst hafa verið á samkomu að Hótel K.E.A. kvöldið 16. ágúst 1963, en ákærði var þar einnig. Samdi vitnið við Sighvat Snæbjörnsson barbjón, að hann æki bifreið vitnisins að lokinni samkomunni, en bifreiðinni hafði vitnið lagt úti fyrir hótelinu kl. 1900 sama kvöld. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa afhent ákærða lykla bifreiðar sinnar á samkomunni, en að henni lokinni fóru vitnið og ákærði út í bifreiðina, og ræsti ákærði vélina, og hrökk bifreiðin aftur á bak, er ákærði tók fót af tengslinu, sökum þess að vélin var í aftur á bak gangstigi. Við það að hrökkva aftur á bak, lenti bifreiðin á kyrrstæðri bifreið og skemmdi hana lítils háttar.

Vitnið Sighvatur Snæbjörnsson kvaðst hinn 16. ágúst 1963 hafa ekið bifreiðinni A 1660 fram í Kristnes. Var ákærði meðal farþega og neytti vins. Um kvöldið starfaði vitnið á Hótel K.E.A., en minntist þess ekki að hafa afgreitt ákærða með vín, enda sá það hann ekki á samkomunni.

Vitnið Árni Höskuldur Magnússon lögreglumaður, sem handtók ákærða, kvað hann hafa verið áberandi ölvaðan og framburður hans reikull og ósamhljóða, svo eigi var unnt að taka af honum lögregluskýrslu. Kvað ákærði vitnið Sighvat Snæbjörnsson hafa lofað að aka.

Vitnið Matthías Einarsson lögreglumaður, sem einnig vann að handtöku ákærða, kvað ákærða hafa náðst á hlaupum frá vettvangi, og sást hann kasta frá sér lyklum bifreiðarinnar A 1660. Sagði vitnið, að vitnið Friðjón Heiðar Eypórsson hafi haft á orði, að vitnið Sighvatur Snæbjörnsson hefði lofað að aka í umrætt sinn.

Ákærði viðurkenndi að hafa ræst hreyfil bifreiðarinnar í nefnt sinn og neitaði því ekki að hafa ekið henni aftur á bak, svo að hún rakst á aðra bifreið, en kvaðst þó ekki vera viss um það, hvort svo hafi verið eða hvort bifreiðin hafi runnið. Hann viðurkenndi einnig að hafa fundið til áhrifa áfengis allmikið.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við þau refsíakvæði, sem í

ákæru eru rakin. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa. Skaðabótakröfu Magnúsar Snæbjörnssonar vísast frá dómi, þar sem hún þykir eigi nægilega reifuð og rökstudd.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 3.500.00 til Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns.

Dráttur sá, sem varð á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af önnum dómarans við rannsókn annarra opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Ottó Laugdal Ólafsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 3.500.00 til Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
